

sinni. Í bók þessa skal hann setja það, sem bætist við, jafnóðum og það kemur og sömuleiðis hitt, sem er lagt niður.

**53**  
17. maí

Þetta kunngjörst hjermeð.

**Í stjórnarráði Íslands 7. maí 1905.**

Í fjarveru ráðherrans

**Kl. Jónsson.**

---

*Jón Magnússon.*

## Auglýsing

um viðauka við erindisbrjef handa ráðskonu holdsveikraspítalans í Laugarnesi, dagsett 10. september 1898.

**54**  
17. maí

Samkvæmt tillögum yfirstjórnar holdsveikraspítalans í Laugarnesi hefir stjórnarráðið samþykkt viðauka við erindisbrjef handa ráðskonu holdsveikraspítalans í Laugarnesi, dagsett 10. september 1898, og bætist viðauki þessi aptan við 3. gr. erindisbrjefsins. Viðaukinn er þannig:

Hún heldur bók löggilta af yfirstjórn spítalans, þar sem hún telur öll þau búsgögn spítalans, sem henni eru fengin í hendur, og setur það, sem bætist við, jafnóðum og það kemur, og sömuleiðis hitt, sem lagt er niður.

Þetta kunngjörst hjermeð.

**Í stjórnarráði Íslands 17. maí 1905.**

Í fjarveru ráðherrans.

**Kl. Jónsson.**

---

*Jón Magnússon.*

## Hafnarreglugjörð

fyrir

**Reykjavíkurkaupstað.**

Stjórnarráð Íslands hefur 1. apríl 1905 gefið út svofellda hafnarreglugjörð fyrir Reykjavíkurkaupstað.

**55**  
1. apríl